



# Starfsáætlun skólaárið 2017-2018



Skólanefnd Bláskógabyggðar

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Starfsáætlun Bláskógaskóla í Reykholti 2017-2018 ..... | 4  |
| Opnunartími skólans .....                              | 4  |
| Starfsmenn .....                                       | 4  |
| Skóladagatal / Skipurit.....                           | 4  |
| Tilhögun kennslu.....                                  | 5  |
| Stundatöflur .....                                     | 5  |
| Frimínútur/gæsla.....                                  | 6  |
| Samstarf við tónlistarskóla.....                       | 6  |
| Samstarf við leikskóla.....                            | 6  |
| Danskennsla .....                                      | 6  |
| Innra mat.....   | 7  |
| Ytra mat.....  | 7  |
| Starfsáætlun nemenda .....                             | 7  |
| Hefðir .....   | 7  |
| Námsmat.....   | 8  |
| Val.....   | 8  |
| Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag .....          | 9  |
| Skólaráð .....   | 9  |
| Foreldrafélag .....                                    | 9  |
| Nemendafélag.....                                      | 9  |
| Skólanefnd .....                                       | 10 |
| Skólareglur .....                                      | 10 |
| Stoðþjónusta.....                                      | 12 |
| Heilsugæsla .....                                      | 12 |
| Sérfræðiþjónusta.....                                  | 12 |
| Félagsráðgjafi .....                                   | 12 |
| Tómstundastarf og félagslíf .....                      | 12 |
| Símenntunaráætlun.....                                 | 13 |
| Endurmenntun kennara .....                             | 13 |
| Endurmenntunaráætlun Bláskógaskóla í Reykholti:.....   | 13 |

|                                  |    |
|----------------------------------|----|
| Viðbrögð við vá .....            | 14 |
| Óveður .....                     | 14 |
| Brunavarnir .....                | 15 |
| Rýmingaráætlun.....              | 15 |
| Skólalóð.....                    | 15 |
| Eineltisáætlun.....              | 15 |
| Mötuneyti .....                  | 15 |
| Skólanesti.....                  | 16 |
| Skólaakstur .....                | 16 |
| Forföll/leyfi .....              | 16 |
| Frístundaskóli – skólasel .....  | 16 |
| Samstarf heimils og skóla.....   | 17 |
| Nemendur .....                   | 17 |
| Fylgiskjal 1 - Skóladagatal..... | 18 |
| Fylgiskjal 2 - Skipurit .....    | 19 |

# STARFSÁÆTLUN BLÁSKÓGASKÓLA Í REYKHOLTI 2017-18

## OPNUNARTÍMI SKÓLANS

Skólinn er opinn mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00-16:00 og föstudaga frá 8:00-14:00.

Sími: 480-3020

Netfang: reykholt@blaskogaskoli.is

Heimasíða: www.blaskogaskoli.is

## STARFSMENN

Hreinn Þorkelsson, skólustjóri

Lára B. Jónsdóttir, aðstoðarskólustjóri

Aðalheiður Helgadóttir, stærðfr.kennari elsta stig

Agla Snorradóttir, textílkennari, stærðfr, uppl.tækni

Anna Maria Marcinkowska, stuðn.f. í barnsb.leyfi

Auður Ólafsdóttir stuðningsfulltrúi mið/ýngsta stig

Arite Fricke, myndmenntakennari, heimilisfræði

Áslaug A. Þórarinsdóttir, stuðn.fulltrúi yngsta stigi

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, sérkennari

Freydís Örlygsdóttir, umsj.kennari á yngsta stigi

Guðný Rósa Magnúsdóttir, skólaritari

H. Íris Blandon, stuðningsfulltrúi / leiklist

Hekla Hrönn Pálsdóttir, umsj.kennari á yngsta stigi

Helgi Kjartansson, íþróttakennari á mið og elsta stigi

Hildur María Hilmarsdóttir, stuðningsfulltrúi

Ívar Sæland, stundakennari í ljósmyndun

Karl Hallgrímsson, umsjónarkennari á miðstigi

Ragnheiður Jónasdóttir, íslenskukennari á elsta stigi

Sergio García Ortega, stuðnfltr/leiðbeinandi á y/m/e stigum

Sigmar Ólafsson, umsj.kennari á elsta stigi , smíði

[hreinn@blaskogaskoli.is](mailto:hreinn@blaskogaskoli.is)

[lbj@blaskogaskoli.is](mailto:lbj@blaskogaskoli.is)

[adalheidur@blaskogaskoli.is](mailto:adalheidur@blaskogaskoli.is)

[agla@blaskogaskoli.is](mailto:agla@blaskogaskoli.is)

[annam@blaskogaskoli.is](mailto:annam@blaskogaskoli.is)

[audur@blaskogaskoli.is](mailto:audur@blaskogaskoli.is)

[arite@blaskogaskoli.is](mailto:arite@blaskogaskoli.is)

[aslaug@blaskogaskoli.is](mailto:aslaug@blaskogaskoli.is)

[asta@blaskogaskoli.is](mailto:asta@blaskogaskoli.is)

[freidis@blaskogaskoli.is](mailto:freidis@blaskogaskoli.is)

[gudnyrosa@blaskogaskoli.is](mailto:gudnyrosa@blaskogaskoli.is)

[iris@blaskogaskoli.is](mailto:iris@blaskogaskoli.is)

[hekla@blaskogaskoli.is](mailto:hekla@blaskogaskoli.is)

[helgi@blaskogaskoli.is](mailto:helgi@blaskogaskoli.is)

[spoi1@simnet.is](mailto:spoi1@simnet.is)

[ivar@ivarsaeland.is](mailto:ivar@ivarsaeland.is)

[karl@blaskogaskoli.is](mailto:karl@blaskogaskoli.is)

[ragnheidur@blaskogaskoli.is](mailto:ragnheidur@blaskogaskoli.is)

[sergio@blaskogaskoli.is](mailto:sergio@blaskogaskoli.is)

[sigmar@blaskogaskoli.is](mailto:sigmar@blaskogaskoli.is)

## SKÓLADAGATAL

Sjá fylgiskjal 1

## SKIPURIT

Sjá fylgiskjal 2

## TILHÖGUN KENNSLU

Talsverð samkennsla er í Bláskógaskóla Reykholti. Veturinn 2017-2018 vinna kennarar í teyllum á öllum skólastigum. Á yngsta stigi eru 2 umsjónarkennarar, á miðstigi 2 og unglingsstigi 2.

Nemendur á unglingsstigi á Laugarvatni eru í Reykholti mánudaga og miðvikudaga og sitja þá kennslustundir með nemendum í samsvarandi bekkjardeildum í Reykholti. Þau fá kennslu saman í náttúrufræði, ensku, dönsku og valgreinum.

## STUNDATÖFLUR

Í 25. grein laga um grunnskóla er kveðið á um hlutfallslega skiptingu milli námsviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast og er það á valdi hvers skóla fyrir sig hvort námsgreinar eru kenndar aðskildar eða samþættar. Bláskógaskóli í Reykholti styðst við viðmiðunarstundaskrá þegar skipting námsgreina á árganga er gerð en hún veitir ákveðinn sveigjanleika milli námsgreina.

### Stundatöflur Bláskógaskóla í Reykholti 2017-2018

**1.-4. bekkur** hefur tvo umsjónarkennara og er námshópnum skipt á ýmsa vegu.

Heildarfjöldi kennslustunda er 30 stundir á viku.

Allir tímar aðrir en íþróttir og verkgreinar teljast bekkjartímar.

Vegna framkvæmda við búningsklefa íþróttamiðstöðvar verða úti-íþróttir ráðandi fram í fyrstu viku nóvembers. Úr því eru íþróttir 2 stundir á viku, sund 1 stund á viku, myndmennt, heimilisfræði, smíði og handmennt 1 stund á viku. Kennt er í lotum. Kór er 1 stund á viku.

5 stundir á viku býðst 1.-4. bekk þátttaka í skólaseli og íþróttaskóla, ásamt elstu börnunum í leikskólanum. Sel er foreldrum að kostnaðarlausu og íþróttaskólinn í samstarfi við ungmennafélagið. Í selinu er lögð áhersla á frjálsan leik úti og inni, bókastundir og smíðjur af ýmsu tagi. Selið er vel mannað, en þar starfa grunnskólakennarar, leikskólakennarar og stuðningsfulltrúar.

### 5.- 7. bekkur

Miðstigið hefur tvo umsjónarkennara. Heildarfjöldi kennslustunda í 5.-7. bekk er 37 stundir á viku. Flestir tímar í stundatöflu eru merktir sem bekkjartímar, en umsjónarkennarar kenna flestar greinar aðrar en íþróttir og verk-/listgreinar. Til grundvallar er lögð viðmiðunarstundarskrá aðalnámskrár, en stundataflan verður breytilegri en áður hefur verið og skipuleggja umsjónarkennarar starfið.

## 8., 9. og 10. bekkur

Unglingastigið myndar tvo námshópa með tveimur umsjónarkennurum og er skipt upp eða kennt saman skv. ákvörðun umsjónarkennara. Á mánudögum og miðvikudögum koma nemendur af unglingastigi úr Bláskógaskóla á Laugarvatni og sitja tíma í valgreinum, ensku dönsku og náttúrufræði með nemendum í Reykholti. Á mánudögum og miðvikudögum er stundataflan því í föstum skorðum, en aðra daga er kennsla gjarnan brotin upp með þemaverkefnum sem standa yfir í mislangan tíma, en umsjónarkennarar gæta þess að nemendur fái kennslu í öllum greinum í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.

## FRÍMÍNÚTUR/GÆSLA

Stuðningsfulltrúar sinna gæslu í frímínútum og í hádegi. Nemendur unglingadeildar aðstoða einnig í frímínútum, en þeir skiptast á um að stjórna leikjum hjá yngstu börnunum

Frímínútur eru á morgnana kl. 10:00-10:15, í hádegi kl. 11:35-12:05 og eftir hádegi kl. 13:25-13:35. Föstudagar eru styttri og er þá ekki hádegishlé.

## SAMSTARF VIÐ TÓNLISTARSKÓLA

Samstarf er við Tónlistarskóla Árnesinga og fer tónlistarkennsla fram á skólatíma mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Lögð er áhersla á gott samstarf við umsjónarkennara til að tónlistarnámið komi ekki niður á öðru námi nemandans.

## SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

Töluvert samstarf er við leikskólann Álfaborg, en haustið 2016 flutti leikskólinn tímabundið inn í grunnskólann vegna þess að húsnæði leikskólans var ónothæft um stundarsakir vegna raka og myglu. 5 ára börnin koma í grunnskólann á þriðjudagsmorgnum, en þá fást þau við bóknám með kennurum 1. bekkjar. Helming tímans eru þau með 1. bekkjar nemendum og helming sér. Leikskólinn tekur þátt í skólaseli og íþróttaskóla sjö tíma á viku ásamt yngsta stigi grunnskólans og vinna þá leikskólakennarar og starfsfólk grunnskólans saman að dagskrá fyrir börnin. Samstarf er milli leik- og grunnskóla um danskennslu, nemendum á unglingastigi grunnskólans býðst að koma í leikskólaval undir handleiðslu leikskólastjóra og í undirbúningi er að nemendur grunnskólans lesi fyrir yngri nemendur við ýmis tækifæri.

## DANSKENNSLA

Áætlað er að danskennsla fari fram í námskeiðsformi, eins og verið hefur. Ekki er komin niðurstaða í tímabilið, en hver aldurshópur fái kennslu einn tíma á viku í sex vikur. Eins og í samstarfi við Tónlistarskóla er lögð áhersla á að skipulag danstíma sé í góðu samstarfi við umsjónarkennara viðkomandi aldurshóps til að tryggja að dansnámið komi ekki niður á öðru námi nemenda.

## INNRA MAT

Í lögum um grunnskóla kemur fram að hver grunnskóli skuli með innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Það skuli byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika skólans og það sem betur má fara.

**Umbótaáætlun** fyrir þetta skólaár var ekki fullkláruð það best fæst séð, en bætt líðan nemenda var einn aðaláherslupunktur í þeim drögum sem liggja fyrir, við stjórnendaskipti. Þar leikur ART-þjálfunin lykilhlutverk og hún er virk á haustönninni á yngsta og miðstigi. Frammistöðumat er lagt fyrir nemendur fyrir foreldradaginn og niðurstöður úr því og viðtölunum eru nýttar til umbóta, sem og starfsmannaviðtöl. Nemendur taka könnun í Skólapúlslinunum á haustönninni, þar sem spurt er um líðan þeirra. Niðurstöður hennar verður grunnur að umbótum. Líðan kennara verður skoðuð með könnun á skólaárinu. Það er knýjandi verkefni. Starfsandi sýnist gestsaugum góður á yfirborðinu, en í kjölfar átaka innan skólans er mikilvægt er að snúa sér af einurð að úrvinnslu þeirra mála.

## YTRA MAT

Teymi frá Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólanum og skilaði niðurstöðum í marsmánuði sl. Fyrir liggur að gera formlega umbótaáætlun til að mæta niðurstöðum þess, sem skila á um miðjan nóvember. Sú vinna er hafin og **Tækifæri til umbóta** eru dregin upp í lokaskýrslunni. Það mun verða sú umbótaáætlun sem unnið verður eftir þetta skólaár. Eitt þeirra atriða sem þar er nefnt er formleg stofnun foreldrafélags við skólann. Því hefur þegar verið hrundið í framkvæmd.

## STARFSÁÆTLUN NEMENDA

### Hefðir

Norræna skólahlaupið verður haldið í október og taka allir nemendur þátt sem það mögulega geta. Hægt er að velja milli að hlaupa 2,5, 5 eða 10 km. vegalengd. Íþróttakennari sér um skipulag og utanumhald hlaupsins.

Reglulega er skólahald brotið upp með ýmsum hætti til að auka fjölbreytni og gleði í skólanum. T.a.m. eru þemadagar tvisvar á ári, ýmsar skemmtanir eru haldnar og skólastarf brotið upp með heimsóknum.

Í byrjun skólaárs fara nemendur á unglíngastigi í Bláskógaskóla Reykholti og Laugarvatni og Kerhólsskóla saman í tveggja daga ævintýraferð sem skólarnir skiptast á að halda utan um og skipuleggja. Nú sá Kerhólsskóli á Borg um skipulagið; áfangastaður Gíslaskáli Bisk.

Skapast hefur sú hefð að halda sameiginlegan íþróttadag hjá uppsveitaskólum.

Jólaball fyrir 8.-10. bekk hefur verið haldið á Flúðum og er þá öðrum skólum boðin þátttaka.

Árshátíð skólans verður haldin 17. nóvember og árshátíðarvikan tileinkuð undirbúningi. Skólaferðalög eru farin að vori og eru þau skipulögð nánar þegar nær dregur.

8.-9. bekkir fara í námsferð að Skólabúðunum á Laugum í Sælingsdal, annað hvert ár.

10. bekkur fer í útskriftarferð á vordögum.

## NÁMSMAT

### Skólaárinu er skipt í 2 annir:

Í námsmatinu er horft til fjölbreyttra matsþátta, sem og ástundunar og framkomu hvers nemanda. Námsmat nemenda er gefið í bókstöfum og umsögnum.

Með hugtakinu námsmat er yfirleitt átt við öflun upplýsinga um námsárangur og framvindu náms einstakra nemenda. Vitnisburðir eiga að byggja á þekkingarmati og alhliða námsmati. Námsmatið tekur þannig tillit til sem flestra þátta viðkomandi greinar. Í Bláskógaskóla í Reykholti er notað leiðsagnarmat sem hefur það að leiðarljósi að veita kennurum, nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra sem bestar upplýsingar um námsframvindu sem er svo leiðarljós í áframhaldandi námi nemandans.

Foreldrar/forráðamenn eru boðaðir í viðtal hjá umsjónarkennara 17. október og 4. janúar, en þar er m.a. farið yfir vitnisburði sem hafa verið sendir heim áður. Foreldrar og nemendur koma saman í viðtalið.

Mikilvægt er að öllum sé ljóst að bókstafaekinnir eru í eðli sínu ólíkar fyrri einkunnagjöf og fyrri einkunnagjöfum í bókstöfum. T.a.m. þýðir bókstafurinn B að nemandi hefur tileinkað sér það sem hann þarf til að halda áfram á næsta stig í námi. Æskilegast er því að nemandi sé með B í sem flestum greinum. A þýðir að nemandinn vinnur verkefni á næsta stigi fyrir ofan.

## Val

Út frá áhersluþáttum námskrár skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valbundinna stunda sé í list- og verktengdu námi. Í 8. til 10. bekk er nemendum boðið upp á átta valstundir á viku. Skyllt er að velja a.m.k. eina valgrein úr list- og verkgreinum.

Það er breytilegt milli anna hvaða val er í boði. Nokkrar greinar eru þó nokkuð fastar á hverri önn: Heimilisfræði, smíði, upplýsingatækni, ýmis konar handavinna, myndmennt, boltagreinar, leiklist, þrek og hreysti o.fl. Aðrar áhugaverðar greinar eru t.d. flugdrekagerð, ljósmyndun, leikskólastarf o.fl. Leitað er eftir hugmyndum frá nemendum og reynt að koma til móts við óskir þeirra eins og kostur er.

Á þessu skólaári verður nýbreytni í valgreinaframboðinu. Fjórir skólar verða með samstarf, svokallaðar smiðjuhelgar þrisvar sinnum yfir veturinn. Þetta eru auk okkar Bláskógaskóli Laugarvatni, Kerhólsskóli og Flóaskóli. Fyrsta helgin verður í Kerhólsskóla 6.-7 október, þá hjá okkur í Reykholti í lok janúar og loks á Laugarvatni í aprílbyrjun. Gist er eina nótt um



hverja smiðjuhelgi. Nemendurnir koma með hugmyndir að smiðjum, sem unnið er úr og fundnir umsjónarmenn. Síðan velja nemendur sig síðan í eina smiðju hverja helgi. Þetta er skemmtileg tilbreyting og hluti skólastarfsins, ásamt því að gefa góð tækifæri til samveru unglinganna og aukning á þeirra félagslífi.

## SKÓLARÁÐ, FORELDRAFÉLAG OG NEMENDAFÉLAG

### Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjórnenda og skólasamfélags. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráðið fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Skólaráð er skipað til tveggja ára í senn, þar eiga sæti tveir kennarar, einn fulltrúi annarra starfsmanna, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi úr grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Stefnt er að því að skólaráð fundi tvisvar á skólaárinu. Fyrsti fundur er áætlaður í október og annar fundur undir lok skólaársins. Ef þörf er á verður boðað til funda þar á milli.

Í skólaráði sitja Hreinn Þorkelsson skólastjóri, fyrir hönd kennara þau Ásta Kristjana Guðjónsdóttir og Sigmar Ólafsson, fyrir hönd annars starfsfólks Guðný Rósa Magnúsdóttir skólaritari, fyrir hönd foreldra Herdís Friðriksdóttir og Ágústa Þórisdóttir, fulltrúar nemenda koma úr 9. og 10. bekk, þau Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson og Guðný Helga E. Sæmundsen og loks situr Ásborg Arnþórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags fundina.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Mikilvægt er fyrir skólann að sú starfsemi sé lifandi og virk. Aðalfundur Foreldrafélags Bláskógaskóla í Reykholti er haldinn að vori.

Stjórn félagsins: Herdís Friðriksdóttir formaður, Linda Björk Viðarsdóttir gjaldkeri og Brigitte Brugger ritari. Varamenn: Ágústa Þórisdóttir og Jón Þór Birgisson

Aðalfundur foreldrafélagsins skal halda að vori og boða til hans með a.m.k. fimm daga fyrirvara.

### Nemendafélag

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag. Það vinnur m.a. að félags-, hagsmuna og velferðamálum nemenda. Stjórnendur sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Sigmar Ólafsson umsjónarkennari 10. bekkjar heldur utan um starfið með nemendaráði.

Stjórn nemendafélagsins skipa:

Úr 10. bekk: Karl Jóhann Einarsson, formaður  
Guðný Helga E. Sæmundsen

Úr 9. bekk: Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson, varaformaður

Úr 8. bekk: Lísá Katrín Káradóttir  
Úr 7. bekk: Magnús Skúli Kjartansson

## SKÓLANEFND

Skólanefnd starfar í umboði sveitastjórnar. Í skólanefnd Bláskógabyggðar sem fer með málefni leik- og grunnskóla eiga sæti:

- Bryndís Böðvarsdóttir, formaður
- Axel Sæland ritari
- Valgerður Sævarsdóttir varaformaður

Varamenn eru :

- Ágústa Þórisdóttir
- Freyja Rós Haraldsdóttir
- Trausti Hjálmarsson

Fulltrúi foreldra Bláskógaskóla Reykholti er Herdís Friðriksdóttir.

Fundina sitja einnig frá Bláskóga Reykholti: Hreinn Þorkelsson skólastjóri Bláskógaskóla í Reykholti og Karl Hallgrímsson fulltrúi grunnskólakennara. Varamaður Karls er Freydís Örlygsdóttir.

Fundir eru að jafnaði haldnir 3. mánudag í hverjum mánuði.

## SKÓLAREGLUR

Nýjar skólareglur voru samþykktar og tóku gildi á vorönn 2016. Haldið var nemendaping um skólareglur haustið 2015 og niðurstöður nemenda nýttar við gerð skólareglna, auk þess sem niðurstöður tveggja vinnuhópa kennara voru nýttar.

### Skólareglur Bláskógaskóla Reykholti

*Í reglugerð nr. 2702. gr. 2 (2000) um skólareglur segir:*

Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.

1. Við komum fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur – af virðingu, kurteisi og tillitsemi.
2. Við mætum í skólann hrein, úthvöld og snyrtilega til fara.
3. Öll notkun raftækja í kennslustundum er óheimil nema með leyfi kennara eða annars starfsfólks. Raftæki, s.s. símar, hljómtæki og spjaldtölvur, eru geymd ofan í tösku og stillt þannig að þau trufla ekki eigandann eða aðra í kringum hann í kennslustundum.

4. Þeir nemendur sem koma með verðmæti í skólann gera það á eigin ábyrgð.
5. Hvers kyns upptökur af fólki (s.s. mynd- og hljóðupptökur), án samþykkis þess, eru óheimilar.
6. Við mætum stundvíslega í kennslustundir og skólabíl og stundum nám okkar af alúð og vandvirkni.
7. Við göngum vel um í skólanum, á skólalóðinni og alls staðar sem við erum á vegum skólans, göngum frá yfirhöfnum, útiskóm og öðrum útifatnaði í forstofu.
8. Við förum vel með eigur okkar og annarra.
9. Við hlýðum fyrirmælum kennara, starfsfólks og skólabílstjóra og mætum með kennslugögn og bækur sem nauðsynleg eru hverju sinni í skólann.
10. Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð á skólatíma, á viðburðum og í ferðalögum á vegum skólans.
11. Öll umferð vélknúinna ökutækja á skólalóð á skólatíma er óheimil.

## Viðurlög við brotum á skólareglum

1. Ef um brot á skólareglum er að ræða er ferlið eftirfarandi:
  - 1. brot:** Umsjónarkennari ræðir við nemandann og veitir honum aðvörðun og útskýrir fyrir honum alvarleika brotsins og aðvarar hann um hvað gerist ef brotið er endurtekið.
  - 2. brot:** Umsjónarkennari og skólastjóri ræða við nemandann og hafa samband við foreldra og/eða forráðamenn
  - 3. brot:** Foreldrar eru boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjóra og aðgerðir heimilis og skóla samstilltar.
2. Við ítrekuð eða alvarleg brot á reglum skólans eða landslögum er skólastjóra heimilt að vísa nemanda úr skóla á meðan unnið er að lausn mála. Forráðamönnum og fræðslufyrirvöldum verður tilkynnt um þá ákvörðun.
  - a) Ef nemandi lætur enn ekki segjast ræðir skólastjóri við nemandann og foreldra/forráðamenn hans. Í framhaldinu fer málið fyrir nemendaverndarráð.
  - b) Um leið og foreldrum er tilkynnt um agabrot nemandans skal skrá það í dagbók nemandans og allan feril málsins eftir það.
3. Forráðamenn nemenda eru bótaskyldir ef um skemmdir verðmæta er að ræða.
4. Ef um einelti er að ræða tekur verklag eineltisáætlunar við.

Í Bláskógaskóla í Reykholti er andmælaréttur virtur og jafnræðis gætt í meðferð allra mála.

## STOÐÞJÓNUSTA

### Heilsugæsla

Heilsugæslustöðin í Laugarási hefur með höndum eftirlit og skoðanir samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Árlega fer fram heilbrigðiseftirlit á öllum skólabörnum sem er kölluð skólaskoðun og boðuð með bréfi eða tilkynnt með fyrirvara.

Skólahjúkrunarfræðingur er Ólafía Sigurjónsdóttir og verður hún í Reykholti á föstudagsmorgnum kl. 9-12. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Heilsugæslustöðinni í Laugarási í síma 432 2770, en þangað geta nemendur og foreldrar leitað ef þörf er á.

### Sérfræðiþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings veitir skólanum þá þjónustu sem beðið er um eða óskað eftir á hverjum tíma. Oftast eru það kennarar í samráði við foreldra, sem vísa nemendum til þeirra er fara með þá þjónustu.

Foreldrar geta einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði.

|  |  |
|--|--|
| <u>Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings</u><br>Fljótsmörk 2, 810 Hveragerði<br>Sími 480-4000 | Upplýsingar um skólaþjónustuna má finna á <a href="http://arnesthing.is/skolathjonusta/">http://arnesthing.is/skolathjonusta/</a> .<br>Upplýsingar um velferðarþjónustu má finna á <a href="http://arnesthing.is/velferðarthjonusta/">http://arnesthing.is/velferðarthjonusta/</a> . |
|--|--|

### Félagsráðgjafi

Félagsráðgjafi er við Heilsugæsluna í Laugarási. Viðvera hans er alla virka daga í Laugarási. Vinsamlegast athugið að pantan þarf viðtal með fyrirvara í síma 480-1180.

### TÓMSTUNDASTARF OG FÉLAGSLÍF

Félagslíf er í samvinnu stjórnar nemendaráðsins ásamt skólastjórnendum eða starfsmönnum sem tilnefndir eru af skólastjórnendum. Félagslíf eldri nemenda er í samstarfi við Félagsmiðstöð sem starfrækt er að Borg í Grímsnesi.

Kennarar yngri bekkja koma gjarnan með hugmyndir að félagsstarfi nemenda sinna og halda þá utan um eða koma tillögum þar um til nemendaráðs og /eða umsjónarmanns félagslífs.

Bent skal á að nemendur sem ekki fara eftir reglum skólans varðandi mætingar og hegðun eiga það á hættu að verða útilokaðir frá ferðum og félagslífi skólans.

## SÍMENNTUNARÁÆTLUN

### ENDURMENNTUN KENNARA

Endurmenntun kennara þarf að vera fjölbreytt og snýst bæði um að kennarinn viðhaldi sér í sínum faggreinum og að hann sé vel að sér í því sem varðar stefnu skólans. Þau námskeið sem tengjast stefnu skólans sérstaklega hafa verið haldin í skólanum fyrir starfsfólkið.

Kennarar hafa líka sótt og munu sækja námskeið utan skólans, í Árnes- og Rangárþingum, Skagafirði sem og í menntastofnunum í Reykjavík.

### Endurmenntunaráætlun Bláskógaskóla í Reykholti:

Helstu markmið endurmenntunar starfsmanna eru:

- Að innleiða teymiskennslu og fjölbreytta kennsluhætti og námsmat á öllum aldursstigum.
- Að styrkja faglegt starf í skólanum og auka persónulega hæfni starfsmanna.
- Að fylgjast með straumum og stefnum í upplýsingatækni og nýsköpunarmennt og styðja framþróun og færni kennara á sviðunum.
- Að viðhalda góðum starfsanda, öryggi og líkamlegri heilsu nemenda og starfsmanna.

Sameiginleg námskeið sem ætlast er til að sem flestir starfsmenn sækji, ekki síst til að styrkja samvinnu starfsmanna, eru t.d. vegna öryggisþátta, áherslna í umbótaáætlun og samskipta innbyrðis.

### Veturinn 2017-2018:

Fram er haldið starfi að teymisvinnu og fjölbreyttum kennsluháttum, í framhaldi af þróunarverkefni síðasta skólaárs. Í brennidepli er starfið á gólfinu og hvernig aðferðir og vinnulag teymanna skapar nýjar leiðir í framkvæmdinni.

Í haust fóru allir kennarar saman á námskeið í Rimaskóla í Reykjavík þar sem fjallað var um lykilhæfni – leiðir, leiðsögn og mat. Markmiðið var að styðja kennarahópinn í innleiðingu námskrárinnar, með ný og breytt viðhorf í námsmati undir smásjóni.

Um miðjan september sátu kennarar fyrirlestur hér í Reykholti hjá Dr. Rósu Gunnarsdóttur frumkvöðli. Hingað komu einnig kennarar frá Laugarvatni og Borg. Rósa ræddi um nýsköpunar- og frumkvöðlamennt og var gerður góður rómur að hennar máli og hugmyndum. Í skoðun er samstarf skólanna að sameiginlegu námskeiði á þessu sviði, sem er vel að merkja áhersluþáttur í Sóknaráætlun Suðurlands. SASS hefur á þrjónunum að taka verulegan þátt í að byggja upp stafræna smiðju (FabLab) í FSu á Selfossi. Stefnt er að heimsókn allra kennara í stafrænu smiðjuna þegar hún er komin á laggirnar.

Með nýjum stjórnendum, sem tóku við í haust, hefur áhersla á upplýsingatækni í skólastarfinu aukist og færst frammar í forgangs röðuninni. Framtíðin er handan við næsta horn með allar sínar öru framfarir og nýjungar. Snjalltækjavæðing barna, ungra sem eldri, kallar líka á aðra nálgun að tækjunum en hefðbundin er; nýta - ekki banna. Við ætlum og erum byrjuð að móta okkur stefnu. Upplýsingatækniteymi hefur verið skipað og það vinnur

að snjallvæðingaráætlun fyrir skólann. Fjórir kennarar skipa teymið; þær Lára Bergljót Jónsdóttir, Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, Kathrina Andersen og Agla Snorradóttir. Teymið allt fór á Skólamálaþing KÍ og SÍ í Reykjavík 4. okt., þar sem í forgrunni voru fyrirlestrar Zachary Walker um nemendur og snjalltæki: Infædd á Internetinu; upplýsingatækni og þróun hennar í kennslu til framtíðar. Þær gerðu góðan róm að þessu þingi og voru feikn ánægðar með förina. Agla og Ásta sækja UT-ráðstefnu á Sauðárkróki í nóvember.

Haldið verður skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn skólans í samvinnu við aðrar stofnanir sveitarfélagsins, vonandi á haustönn.

## VIÐBRÖGÐ VIÐ VÁ

Áfallaráð er starfandi við Bláskógaskóla, það samanstendur af:

Hreini Þorkelssyni skólastjóra, Láru B. Jónsdóttur aðstoðarskólastjóra

Aðalheiði Helgadóttur fulltrúa kennara og Ólafíu Sigurjónsdóttur hjúkrunarfræðingi

Hægt er að kalla til eftir þörfum til dæmis ritara, skólasálfræðing, öryggistrúnaðarmann, sóknarprest.

### Fyrstu viðbrögð:

Skólastjóri eða aðstoðarmaður fær upplýsingar um áfallið og leitar staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstandendum, ásamt því að afla leyfis til að fjallað verði um málið í skólanum. Skólastjóri kallar áfallaráð saman þar sem fyrstu aðgerðir eru ákveðnar. Í kjölfarið eru framhaldsaðgerðir skipulagðar.

### Áföll í skóla og hlutverk áfallaráðs

Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Þau áföll geta verið af völdum slysa, dauðsfalla, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis eða annarra þátta sem valda áfalli hjá nemanda. Starf áfallaráðs er að fylgja eftir vinnuáætlun þegar áföll verða í eða tengd skólanum.

Ráðið skal koma saman tvisvar sinnum á hverju skólaári eða oftari ef þurfa þykir. Utan starfstíma skóla er skólastjóri tengiliður áfallaráðs en getur óskað eftir aðstoð ef þurfa þykir.

### Óveður

Í óveðrum eða mikilli ófærð verða foreldrar sjálfir að meta aðstæður og ákveða hvort börnin eru send í skólann eða höfð heima. Skólabílstjórar meta hversu öflugur veðurhamurinn er og hvort vegirnir eru færir eða ófærir vegna snjóá og/eða hálfu.

Í flestum tilfellum berst tilkynning frá skólanum í gegnum fjölmiðla, heimasíðu skólans eða síma eins fljótt og unnt er ef skólahald eða skólaakstur fellur niður.

Nauðsynlegt er að láta skólabílstjóra og skóla vita ef börnin eru heima vegna veðurs.

## Brunavarnir

Brunavarnarkerfi á að vera fullkomið í skólanum og reglubundið eftirlit er haft með því. Brunaæfingar fara fram í skólanum árlega og jafnframt hafa nemendur fengið fræðslu um brunavarnir og hvernig á að bregðast við ef kviknar í, hvort sem er í skóla eða heima.

## Rýmingaráætlun

Í hverri stofu hangir uppi teikning af flóttaleiðum. Rýmingaræfing er árlega í skólanum.

## Skólalóð

Öll umferð vélknúinna tækja er bönnuð á skólalóðinni í Reykholti frá kl. 8:00-17:00. Foreldrar grunnskólabarna eru beðnir að athuga að ef þeir ætla að sækja börn sín sjálfir eða af einhverjum ástæðum þurfa að fá þau fyrir úr skólanum, að virða regluna. Á meðan leikskólinn er til húsa í grunnskólanum er ætlast til þess að foreldrar leikskólabarna gangi til og frá skólanum með börn sín og skilji bílana eftir á stæðinu. Ökumenn eru hvattir til að sýna ýtrustu varkárni þegar börn eru úti að leik.

## Eineltisáætlun

### Markmið:

- Að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir vegna eineltis.
- Að gæta þess að einelti nái ekki fótfestu í skólanum.
- Að taka strax á eineltismálum ef þau koma upp.

Eineltisteymi skólans er skipað af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, sálfræðingi skólans, umsjónarkennara og tveimur nemendum viðkomandi bekkjar

### Hlutverk hinna ýmsu hópa innan skólasamfélagsins:

- Hlutverk nemenda skólans er að koma vitneskju um einelti til umsjónakennara, kennara eða skólastjóra.
- Hlutverk starfsmanna skólans er að vera vakandi yfir líðan og velferð nemenda og koma vitneskju um einelti sem allra fyrst til umsjónakennara eða skólastjóra.
- Hlutverk foreldra er að vera vakandi yfir líðan, námsárangri og félagslegri stöðu barna sinna

## MÖTUNEYTI

Mötuneyti er starfrækt í Aratungu mánudaga til fimmtudaga. Matráður er Steinunn Lilja Heiðarsdóttir og starfsmaður í mötuneyti Kristín Ólafsdóttir.

Matartími nemenda og starfsfólks er frá kl.11:35-12:05 mánudaga til fimmtudaga.

Kennarar og stuðningsfulltrúar hafa eftirlit og aðstoða nemendur í matartíma.

Mat fá nemendur á kostnaðarverði og greiðist mánaðarlega samkvæmt reikningi.

Nauðsynlegt er að nemendur gangi vel um mötuneytið, því slæm umgengni getur jafnvel útilokað nemanda frá afgreiðslu.

## SKÓLANESTI

Nemendum gefst tækifæri til að kaupa ávexti í skólanum í áskrift, óski foreldrar þess. Einnig geta nemendur haft nesti með að heiman.

## SKÓLAAKSTUR

Áætlanir skóabíla má sjá á heimsíðu skólans [www.blaskogaskoli.is](http://www.blaskogaskoli.is)

Skóladagurinn hefst um leið og nemandinn er kominn í skólabílinn.

Skólareglur gilda frá þeim tíma svo og aðrar reglur er varða skólabílinn sérstaklega.

Þær reglur hljóða þannig:

- Börnin eiga að sitja kyrr í sætum sínum í skólabílum.
- Hver nemandi hefur ákveðið sæti í skólabílum.
- Bílstjóri ekur ekki af stað fyrr en allir eru sestir í sitt sæti og hafa sett á sig bílbelti en stoppar strax og bíður ef þessu er ekki framfylgt.

Skólabílstjórar eru beðnir að láta skólastjórnendur vita tafarlaust ef fyrrgreindum reglum er ekki framfylgt.

Eftirfarandi bílstjórar sjá um aksturinn þetta árið:

|                         |          |                        |          |
|-------------------------|----------|------------------------|----------|
| Bryndís M. Bjarnadóttir | 868-6026 | Margeir Ingólfsson     | 893-8800 |
| Eva M. Hillströms       | 862-9338 | Þengill Otri Óskarsson | 848-3049 |
| Gunnar Guðjónsson       | 860-3978 | Snorri G. Guðjónsson   | 892-5139 |

## FORFÖLL/LEYFI

Forföll og leyfi ber að tilkynna samdægurs til ritara skólans og/eða umsjónarkennara. Ef um lengri fjarvist er að ræða en tvo daga skal hafa samband við skólastjórnanda um það. Fylla þarf út og undirrita leyfisbeiðni sem finna má á heimasíðu skólans ef um lengri fjarvistir er að ræða en tvo daga. Einnig þarf að láta skólabílstjóra vita svo að ekki sé beðið að óþörfu. Foreldrar geta tilkynnt veikindi barna sinna á Mentor, sá möguleiki er aðeins nýttur, þótt flestir kjósi að hringja.

## FRÍSTUNDASKÓLI – SKÓLASEL

Í Reykholti er skólasel fyrir 1. -4. bekk frá kl. 12:45 – 14:55 á þriðjudögum og kl. 12:05-14:55 á fimmtudögum. Einnig verður íþróttum fléttað inn í starfið í samstarfi við ungmennafélagið. Nú er í gangi þróunarverkefni um samstarf við leikskólann Álfaborg og sækja því elstu nemendur leikskólans skólaselið og íþróttaskólann einnig og fylgir þeim deildarstjóri eldri deildar leikskólans. Markmið með starfinu er að nemendur eigi öruggt athvarf eftir skóla og eigi þess kost að vera saman í leik og starfi undir umsjá fullorðinna.

Selið er í umsjón grunnskólakennara og deildarstjóra í leikskóla með aðstoð stuðningsfulltrúa og íþróttaskólinn er í samstarfi við ungmennafélagið.



## SAMSTARF HEIMILS OG SKÓLA

Mikilvægt er að gott samstarf sé milli heimilis og skóla. Það er í raun lykilatriði, ef viðunandi árangur og þróun á að nást í skólastarfinu. Góð samskipti foreldra við kennara barna sinna skipta máli og geta haft mikil áhrif meðal annars á líðan barnanna.

Skólinn notar Mentor sem skráninga- og samskiptakerfi og fá foreldrar aðgang að kerfinu sem varðar þeirra barn/börn. Inni á síðunni mentor.is skrá foreldrar sig inn með notendanafni og lykilorði. Nánari upplýsingar og aðstoð um notkun Mentor er hægt að fá í skólanum og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þá þjónustu.

Á skólasetningu er kynningafundur þar sem umsjónarkennarar fara yfir áætlanir og annað í skólastarfinu. Sérstakir kynningarfundir eru fyrir foreldra nemenda í 1. – 4. bekk (skólafærninámskeið).

Foreldraviðtalsdagar eru tveir, 17. október og 4. janúar.

Foreldrar taka þátt í skólastarfinu með ýmsum öðrum hætti s.s. kakóumsjón á skreytingadegi í Reykholti, fylgd í ferðir og svo eru ferðir og samvera ýmis konar skipulögð af foreldratenglum. Þjóða foreldrum 8. bekkjar á kynningu í Reykholtsskóla að hausti.

Foreldrar nemenda í 7. bekk hafa séð um Öskudagsskemmtun, sem haldin er í íþróttahúsinu. Bekkjarfulltrúar hafa staðið fyrir bekkjarskemmtun (bekkur/stig) einu sinni til tvisvar á skólaárinu.

# FYLGISKJAL 1

 Samband íslenskra  
sveitarfélaga

Skóladagatal 2017 - 2018



| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR          | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MÁI  | JÚNÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|-----------------|---------|------|-------|------|------|
| 1 Þ   | 1 F       | 1 S     | 1 M      | 1 F      | 1 M             | 1 F     | 1 F  | 1 S   | 1 Þ  | 1 F  |
| 2 M   | 2 L       | 2 M     | 2 F      | 2 L      | 2 Þ             | 2 F     | 2 M  | 2 M   | 2 M  | 2 L  |
| 3 F   | 3 S       | 3 Þ     | 3 F      | 3 S      | 3 M             | 3 L     | 3 Þ  | 3 Þ   | 3 F  | 3 S  |
| 4 F   | 4 M       | 4 M     | 4 L      | 4 M      | 4 F             | 4 S     | 4 S  | 4 M   | 4 F  | 4 M  |
| 5 L   | 5 Þ       | 5 F     | 5 S      | 5 Þ      | 5 F             | 5 M     | 5 M  | 5 F   | 5 L  | 5 Þ  |
| 6 S   | 6 M       | 6 F     | 6 M      | 6 M      | 6 L             | 6 Þ     | 6 Þ  | 6 F   | 6 S  | 6 M  |
| 7 M   | 7 F       | 7 L     | 7 Þ      | 7 F      | 7 S             | 7 M     | 7 M  | 7 L   | 7 M  | 7 F  |
| 8 Þ   | 8 F       | 8 S     | 8 M      | 8 F      | 8 M             | 8 F     | 8 F  | 8 S   | 8 Þ  | 8 F  |
| 9 M   | 9 L       | 9 M     | 9 F      | 9 L      | 9 Þ             | 9 F     | 9 F  | 9 M   | 9 M  | 9 L  |
| 10 F  | 10 S      | 10 Þ    | 10 F     | 10 S     | 10 M            | 10 L    | 10 L | 10 Þ  | 10 F | 10 S |
| 11 F  | 11 M      | 11 M    | 11 L     | 11 M     | 11 F            | 11 S    | 11 S | 11 M  | 11 F | 11 M |
| 12 L  | 12 Þ      | 12 F    | 12 S     | 12 Þ     | 12 F            | 12 M    | 12 M | 12 F  | 12 L | 12 Þ |
| 13 S  | 13 M      | 13 F    | 13 M     | 13 M     | 13 L            | 13 Þ    | 13 Þ | 13 F  | 13 S | 13 M |
| 14 M  | 14 F      | 14 L    | 14 Þ     | 14 F     | 14 S            | 14 M    | 14 M | 14 L  | 14 M | 14 F |
| 15 Þ  | 15 F      | 15 S    | 15 M     | 15 F     | 15 M            | 15 F    | 15 F | 15 S  | 15 Þ | 15 F |
| 16 S  | 16 M      | 16 F    | 16 M     | 16 L     | 16 Þ            | 16 F    | 16 F | 16 M  | 16 M | 16 L |
| 17 F  | 17 S      | 17 Þ    | 17 F     | 17 S     | 17 M            | 17 L    | 17 L | 17 Þ  | 17 F | 17 S |
| 18 F  | 18 M      | 18 M    | 18 L     | 18 M     | 18 F            | 18 S    | 18 S | 18 M  | 18 F | 18 M |
| 19 L  | 19 Þ      | 19 F    | 19 S     | 19 Þ     | 19 F            | 19 M    | 19 M | 19 F  | 19 L | 19 Þ |
| 20 S  | 20 M      | 20 F    | 20 M     | 20 M     | 20 L            | 20 Þ    | 20 Þ | 20 F  | 20 S | 20 M |
| 21 M  | 21 F      | 21 L    | 21 Þ     | 21 F     | 21 S            | 21 M    | 21 M | 21 L  | 21 M | 21 F |
| 22 Þ  | 22 F      | 22 S    | 22 M     | 22 F     | 22 M            | 22 F    | 22 F | 22 S  | 22 Þ | 22 F |
| 23 M  | 23 L      | 23 M    | 23 F     | 23 L     | 23 Þ            | 23 F    | 23 F | 23 M  | 23 M | 23 L |
| 24 F  | 24 S      | 24 Þ    | 24 F     | 24 S     | 24 M            | 24 L    | 24 L | 24 Þ  | 24 F | 24 S |
| 25 F  | 25 M      | 25 M    | 25 L     | 25 M     | 25 F            | 25 S    | 25 S | 25 M  | 25 F | 25 M |
| 26 L  | 26 Þ      | 26 F    | 26 S     | 26 Þ     | 26 F            | 26 M    | 26 M | 26 F  | 26 L | 26 Þ |
| 27 S  | 27 M      | 27 F    | 27 M     | 27 M     | 27 L            | 27 Þ    | 27 Þ | 27 F  | 27 S | 27 M |
| 28 M  | 28 F      | 28 L    | 28 Þ     | 28 F     | 28 S            | 28 M    | 28 M | 28 L  | 28 M | 28 F |
| 29 Þ  | 29 F      | 29 S    | 29 M     | 29 F     | 29 M            | 29 F    | 29 F | 29 S  | 29 Þ | 29 F |
| 30 M  | 30 L      | 30 M    | 30 F     | 30 L     | 30 Þ            | 30 F    | 30 F | 30 M  | 30 M | 30 L |
| 31 F  | 31 M      | 31 Þ    | 31 S     | 31 M     | 31 M            | 31 L    | 31 L | 31 F  | 31 F | 31 M |
|       | 9         | 21      | 21       | 23       | 13 (Þvottun 87) | 20      | 18   | 17    | 19   | 18   |

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hljóðn af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

## FYLGISKJAL 2

### Skipurit Bláskógaskóla í Reykholti

